

Hafnarbraut 27, sjóhús, eigandi Sveinn Magnússon.
 Hafnarbraut 39, sjóhús, eigandi Hafbjörg h.f.
 Hafnarbraut 51, sjóhús (2), eigendur Þorbergur og Þórður Sveinssynir.
 Hafnarbraut 54 austurendi, eigandi Sparisjóður Norðfjarðar.
 Nesgata 2, sjóhús, eigandi Björn Ingvarsson.
 Nesgata 12, Haugsstaðir, íbúð Sigurjóns Jónssonar.
 Strandgata 3, sjóhús, eigandi dánarbú Ármanns Magnússonar.
 Strandgata 5, Gláðheimur, eigandi dánarbú Ármanns Magnússonar.
 Strandgata 7, skúr, eigandi Jósef Halldórsson.
 Strandgata 11, íbúðarhús, eigandi Stefán Höskuldsson.
 Strandgata 13, sjóhús, eigandi Stefán Höskuldsson.
 Strandgata 17, Nýhöfn, eigandi Guðmundur Bjarnason.
 Strandgata 19, sjóhús og fiskverkunarhús, eigandi Ölver Guðmundsson.
 Strandgata 21, sjóhús, eigandi Gísli Bergsveinsson.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 22 23. júní 1923, öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningardegi hennar að telja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásíldar nr. 7 22. febrúar 1966.

1. gr.

Í stað orðanna: „23 cm“ í 1., 2., 3. og 5. gr. reglugerðarinnar komi orðin: 25 cm.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1968 er óheimilt að veiða meira en 50 þúsund smálestir síldar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem hugsast dregin í réttvisandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem hugsast dregin í réttvisandi norðvestur frá Rit. Á tímabilinu frá 1. marz til 15 ágúst 1968 eru síldveiðar þó bannaðar á þessu svæði.

Þrátt fyrir veiðibann samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis veitir sjávarútvegs- málaráðuneytið, að fengnu áleti Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, leyfi til veiði síldar á þessu svæði til niðursuðu eða annarar vinnslu til manneldis eða beitu. Leyfi má binda skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. febrúar 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.